



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Miðvikudagur, 23. apríl, 2008

Ákvörðun nr. 26/2008

Kaup Ölgerðarinnar Egill Skallagrímsson ehf. á hlut af rekstri Bako ehf.

1.

Þann 17. desember 2007 barst Samkeppniseftirlitinu samrunaskrá þar sem tilkynnt var um kaup Ölgerðarinnar Egill Skallagrímsson ehf. (hér eftir Ölgerðin) á hluta af rekstri Bako ehf. (hér eftir Bako).

Í tilkynningunni kemur fram að Ölgerðin kaupi þann hluta Bako sem lúti að hráefni, fullunnum vörum og umbúðum fyrir matvælaíðnað ásamt viðskiptavild sem tengist þeim hluta félagsins. Bréfinu fylgdi samrunaskrá sem tekur mið af viðauka í reglum Samkeppniseftirlitsins nr. 881/2005 um tilkynningu samruna.¹ Bréfinu fylgdi einnig kaupsamningur, dags. 7. desember 2007, og afrit af ársreikningum samrunaaðila, þar sem m.a. er að finna upplýsingar um veltu þeirra. Að mati Samkeppniseftirlitsins felur umræddur kaupsamningur í sér samruna í skilningi 4. og 17. gr. samkeppnislaga og fellur samruninn undir samrunaeftirlit 17. gr. laganna, þar sem veltuskilyrði eru uppfyllt.

Með bréfi, dags. 15. janúar 2008, tilkynnti Samkeppniseftirlitið að stofnunin teldi ástæðu til frekari rannsóknar á samkeppnislegum áhrifum samrunans, sbr. 4. mgr. 17. gr. samkeppnislaga.

2.

Aðilar samrunans eru tveir, Ölgerðin og Bako. Í tilkynningunni segir að Ölgerðin starfi á gosdrykkjavörumarkaði, áfengismarkaði, safamarkaði og vatnsdrykkjamarkaði ásamt snakkvörumarkaði. Um Bako segir að fyrirtækið starfi á markaði fyrir sölu á hráefni, fullunum vörum og umbúðum til matvælagarðar og framreiðslu fyrir mótuneyti, kaffihús, veitingahús, bakarí, hótél og stórelldhús. Þjónustuhluti Bako verði hins vegar undanskyldur kaupunum.

Um aðdraganda samrunans segir í tilkynningunni að hann megi rekja til þess að Ölgerðin hafi séð mikil tækifæri í því að kaupa þann hluta Bako sem um hér um ræðir. Ölgerðin hafi hingað til nær eingöngu starfað á markaði fyrir drykkjarvörur en með fyrirhugaðri sameiningu Ölgerðarinnar við Danól muni starfssvið fyrirtækisins einnig færast inn á þann markað sem Bako starfi á að hluta. Markmið kaupanna sé að hækka þjónustustig Ölgerðarinnar og gera henni kleift

¹ Viðauki með skrá yfir upplýsingar sem þurfa að koma fram í tilkynningu til Samkeppniseftirlitsins um samruna fyrirtækja (samrunaskrá).



að bjóða upp á mikið og fjölbreytt vöruúrval fyrir viðskiptavinum sína. Þá sé Ölgerðin að sækja inn á nýjan markað sem fyrirtækið hafi ekki starfað á áður, bæði með sameiningunni við Danól og einnig með kaupunum á hluta af rekstri Bako.

Að mati samrunaaðila er sá atvinnuvegur sem samruninn nær til framleiðslufyrirtæki og matvæla- og drykkjarvöruviðnaður ásamt innflutningi á umbúðum og mat- og drykkjarvöru. Samrunaaðilar ganga út frá því að eftir samruna Ölgerðarinnar og Danól muni Ölgerðin að einhverju leyti starfa á sama markaði og Bako. Þeir vöruflokkar sem Danól hafi helst í boði á markaðnum séu hveiti, sykurl, salt og svo blöndunarefni fyrir brauð og kökur. Helstu vörutegundir Bako séu hins vegar marsipan, súkkulaði, ger, blöndunarefni fyrir brauð, tilbúin brauð og kökur, umbúðir og skraut. Samlegðaráhrifa muni því gæta að þessu leyti við samrunann.

3.

Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna ber að líta til þess hvort samruninn hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða verði til eða slík staða styrkist, sbr. 17. gr. samkeppnislaga. Í 4. gr. samkeppnislaga kemur fram að markaðsráðandi staða sé fyrir hendi þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrk að geta hindrað virka samkeppni á þeim markaði sem máli skiptir og það geti að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppinauta, viðskiptavina og neytenda. Að mati Samkeppniseftirlitsins mun samlegðaráhrifa samrunans sem fjallað er um í ákvörðun þessari fyrst og fremst gæta í starfsemi félaganna við heildsölu á fullunnum vörum og hráefnum til matvælagarðar. Athuganir Samkeppniseftirlitsins hafa ekki gefið til kynna að samruninn muni hafa skaðleg samkeppnisleg áhrif.

Í ljósi þessa og með hliðsjón af öðrum gögnum málsins er það mat Samkeppniseftirlitsins að ekki sé ástæða til að aðhafast frekar vegna kaupa Ölgerðarinnar á rekstri Samsöluvara.

Ákvörðunarorð:

„Með kaupsamningi, dags. 7. desember 2007, keypti Ölgerðin Egill Skallagrímsson ehf. hluta af rekstri Bako ehf. Samkeppniseftirlitið telur að ekki sé ástæða til að aðhafast frekar vegna umrædds samruna á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson